# Ljúfleg tímaskekkja

## Um sýningu Hafsteins Austmann

Um hríð hefi ég gengið með eina sérstaka kenningu um myndlistir í maganum. Hún er reyndar ekki ný af nálinni, mig minnir að spænski hugsuðurinn Ortega y Gasset hafi einhvern tímann imprað á henni í ritgerð um sjónlistir.

Í þeirri kenningu er sterklega dregið í efa að til séu ódauðleg listaverk sem haldi áhrifamætti sínum um aldur og ævi eins og margir fagurfræðingar hafa haldið fram. Listaverk eru afsprengi síns tíma eins og höfundar þeirra, segir kenning okkar Gassets, þau verða til vegna ýmiss konar þrýstings frá samtímanum og túlka hann beint eða óbeint. Þar með er alls ekki gefið í skyn að framlag einstaklingsins, hverrar persónu, sé einskis virði og þjóðfélagið skapi listina. Gæti ekki verið að hagsmunir þjóðfélags og tjáningarþörf hvers einstaklings færu saman að einhverju eða öllu leyti?

### Tímaskekkja?

Breyttir tímar boða breytt viðhorf í myndlistum og þá má alveg gefa sér að fjöldi eldri verka hlýtur að deyja drottni sínum. Sum vakna aftur til lífsins þegar gömul viðhorf komast aftur í tísku eða þegar menn fyllast eftirsjá. Önnur halda áfram að vera steindauð.

Þessar hugsanir sóttu fast á mig við skoðun sýningar Hafsteins Austmann að Kjarvalsstöðum en samkvæmt kenningunni hér að ofan mundi hún flokkast með meiri háttar tímaskekkjum, svo mjög sem hún ber með sér andblæ liðinna tíma í myndlistum.

Það er staðreynd að obbinn af afstraktmálurum okkar, þeim sem fram komu eftir síðara stríð, horfði fremur til Evrópu en Ameríku. Í Frakklandi ríkti Parísarskólinn svonefndi, hreyfing listamanna frá mörgum þjóðum sem vildu í fáguðu, ljóðrænu málverki túlka bjartsýni sína að stríði loknu. Þeir lögðu út af náttúrunni, voru áferðarfallegir og innilegir.



Hafsteinn Austmann ásamt einu málverka sinna.

**Myndlist**



**AÐALSTEINN INGÓLFSSON**

### Grunnt á Parísarskólann

Á sama tíma voru Bandaríkjamenn að uppgötva undirvitundina, mýtuna og hið harmræna í listinni og þeirra sjónarmið, mynduð í nepju kalda stríðsins, urðu síðan ofan á í heimslistinni.

Hinir íslensku lærisveinar Parísarskólans breyttust og þróuðust þótt grunnt sé á sjónarmið lærimeistaranna hjá þeim sumum. Einna grynnst er á þau í verkum Hafsteins Austmann, einfaldlega vegna þess hve hæg þróunin hefur verið í verkum hans síðastliðin 25 ár, svo hæg að sumir hafa talað um stöðnun. Þannig séð er Hafsteinn að sumu leyti eins og listrænn smyrðlingur, vel varðveitt eintak frá árunum eftir 1950, hinn týpiski áhangandi Parísarskólans.

En því hlutverki geta menn aðeins gegnt með því að afsala sér sjálfstæði sínu að vissu marki. Hafsteinn er ekki nýsköpunarmaður, innan þeirra marka sem hann setur sér, heldur hefur hann jafnan þrifist best í skugga annarra.

### Að fága og fínpússa

Í seinni tíð hafa Þorvaldur Skúlason, Karl Kvaran, kannski Jóhannes Jóhannesson og nú síðast Hjörleifur Sigurðsson verið áhrifavaldar. Þó held ég að Hafsteinn Austmann verði aldrei talinn meðal eftirapa því markmið hans virðist ætíð að fága, fínpússa og snurfusa þá grófu drætti sem finna má í verkum eldri og kannski frumlegri starfsbræðra hans.

Þó hefur Hafsteinn líka lagt sitt á vogarskálina, m.a. bjart, skreytilegt litróf og sérstaka lífræna áferð, unna með spaða. Synd er að hann skuli aldrei hafa fengið tækifæri til að hanna veggteppi, en á sýningu hans að Kjarvalsstöðum eru einmitt stór verk sem mundu pluma sig vel í textíl. En ekki er öll nótt úti enn hvað það snertir.

### Á tímum umburðarlyndis

Eru þá verk Hafsteins Austmann lífs eða liðin, í samræmi við kenninguna hér í upphafi? Satt að segja held ég að meginforsendur þeirra: hin netta og samræmda komposisjón, yfirborðsfágunin, óljós ljóðrænan og ekki síst bjartsýnin — hafi lítið erindi til okkar á því herrans ári 1981. Okkar tímar krefjast óþægilegri og ágengari myndlista. Hins vegar lifum við einnig á tímum umburðarlyndis og plúralisma í listum. Margbreytilegir liststraumar renna hlið við hlið í gegnum sérhvert þjóðfélag á Vesturlöndum og fó!ki er frjálst að njóta og endurgera impressjónisma og konseptlistir í senn. Og því fleiri sem liststraumarnir eru, því fleiri möguleikar opnast þeim sem áhugann hafa.

Vera má að í verkum Hafsteins Austmann séu ýmsir þeir eiginleikar sem eigi eftir að koma okkur til góða í framtíðinni. Þann möguleika má ekki útiloka og ekki verkin heldur. Hvað sem öllum kenningum líður.

-AI.



Hafsteinn Austmann — Málverk frá 1980.


# VINNINGAR Í HAPPDRÆTTI das

2. FLOKKUR 1981 — 1982

**Vinningur til íbúðarkaupa, kr. 150.000**

3025

**Bifreiðavinningur eftir vali, kr. 50.000**

165

**Bifreiðavinningar eftir vali, kr. 30.000**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21238 | 27134 | 48507 | 70348 |
| 25811 | 37496 | 61108 | |

**Utanlandsferðir eftir vali, kr. 10.000**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 533 | 12692 | 39174 | 52485 | 65786 |
| 1008 | 13465 | 39566 | 53246 | 70941 |
| 2458 | 18576 | 47690 | 56815 | 72841 |
| 3765 | 37666 | 48562 | 57029 | 77598 |
| 4736 | 38585 | 49350 | 60441 | 78323 |

**Húsbúnaður eftir vali, kr. 2.000**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 5402 | 24111 | 38920 | 51369 | 65943 |
| 7834 | 27090 | 39666 | 52657 | 68203 |
| 7879 | 29795 | 41579 | 53587 | 70069 |
| 11125 | 30026 | 47694 | 56346 | 70590 |
| 13421 | 31843 | 48253 | 60725 | 71221 |
| 13828 | 35961 | 48461 | 60997 | 72290 |
| 17616 | 36790 | 49314 | 62811 | 73121 |
| 22303 | 36895 | 49672 | 65732 | 75847 |

**Húsbúnaður eftir vali, kr. 700**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 10 | 6681 | 15116 | 23260 | 31839 | 40710 | 47167 | 55086 | 65041 | 71616 |
| 33 | 6682 | 15122 | 23272 | 32205 | 40776 | 47222 | 55336 | 65069 | 71911 |
| 453 | 6718 | 15319 | 23306 | 32404 | 41018 | 47249 | 55383 | 65304 | 71958 |
| 490 | 7197 | 15392 | 23323 | 32550 | 41125 | 47284 | 55439 | 65349 | 72138 |
| 577 | 7225 | 15926 | 23428 | 32825 | 41906 | 47364 | 55634 | 65427 | 72229 |
| 830 | 7353 | 16027 | 23769 | 33070 | 42015 | 47524 | 55750 | 65512 | 72493 |
| 929 | 7459 | 16411 | 23944 | 33481 | 42368 | 47888 | 55901 | 65592 | 72555 |
| 1081 | 7792 | 16482 | 24116 | 33710 | 42485 | 47922 | 55912 | 65661 | 72724 |
| 1122 | 8033 | 17037 | 24312 | 33722 | 42615 | 48024 | 56157 | 65713 | 72823 |
| 1137 | 8155 | 17192 | 24420 | 33770 | 42741 | 48032 | 56348 | 65770 | 72945 |
| 1393 | 8183 | 17340 | 24434 | 33876 | 42835 | 48084 | 56559 | 65807 | 73257 |
| 1394 | 8264 | 17601 | 24658 | 33925 | 42930 | 48185 | 56699 | 65852 | 73313 |
| 1403 | 8321 | 17767 | 24788 | 34037 | 43015 | 48216 | 56790 | 65952 | 73338 |
| 1411 | 8477 | 17805 | 24832 | 34204 | 43066 | 48285 | 57012 | 65994 | 73363 |
| 1530 | 8501 | 17816 | 24869 | 34261 | 43570 | 48376 | 57226 | 66015 | 74020 |
| 1796 | 9132 | 18157 | 25052 | 34371 | 43625 | 48676 | 57235 | 66104 | 74298 |
| 1823 | 9302 | 18264 | 25206 | 34585 | 43702 | 48688 | 57398 | 66134 | 74315 |
| 1870 | 9336 | 18383 | 25247 | 34595 | 43790 | 48875 | 57468 | 66135 | 74353 |
| 1930 | 9501 | 18717 | 25455 | 34740 | 43879 | 48881 | 57676 | 66269 | 74510 |
| 1965 | 9656 | 18734 | 25547 | 34824 | 43902 | 48904 | 57806 | 66367 | 75331 |
| 2039 | 9687 | 18897 | 26191 | 35126 | 43951 | 49158 | 57817 | 66447 | 75359 |
| 2108 | 9763 | 18904 | 26391 | 35332 | 44138 | 49321 | 58232 | 66576 | 75655 |
| 2330 | 10136 | 19358 | 26730 | 35334 | 44173 | 49695 | 58863 | 66691 | 75837 |
| 2367 | 10164 | 19416 | 27082 | 35388 | 44228 | 49871 | 58903 | 66810 | 76166 |
| 2681 | 10361 | 19462 | 27268 | 35484 | 44814 | 50019 | 59128 | 67020 | 76310 |
| 2692 | 10760 | 19644 | 27539 | 35556 | 44836 | 50703 | 59312 | 67154 | 76344 |
| 2936 | 11141 | 19647 | 27801 | 35676 | 44857 | 50862 | 59744 | 67208 | 76514 |
| 3130 | 11212 | 19688 | 27989 | 35687 | 44939 | 51309 | 60298 | 67266 | 76665 |
| 3277 | 11225 | 19713 | 28101 | 35709 | 45115 | 51598 | 60345 | 67436 | 77249 |
| 3355 | 11517 | 19804 | 28464 | 35715 | 45167 | 51750 | 60347 | 67437 | 77313 |
| 3639 | 11724 | 19814 | 28470 | 35786 | 45181 | 51802 | 60393 | 67585 | 77429 |
| 3650 | 11986 | 20091 | 28789 | 36082 | 45215 | 51809 | 60474 | 67684 | 77442 |
| 3693 | 12152 | 20149 | 29575 | 36349 | 45224 | 52368 | 60544 | 67739 | 77647 |
| 3859 | 12515 | 20165 | 29598 | 36417 | 45297 | 52614 | 60590 | 67742 | 77864 |
| 3884 | 12567 | 20244 | 29641 | 36759 | 45345 | 52623 | 60592 | 68328 | 77944 |
| 4143 | 13094 | 20281 | 29922 | 36912 | 45385 | 52853 | 61007 | 68380 | 78027 |
| 4185 | 13118 | 20355 | 29975 | 37024 | 45409 | 52873 | 61578 | 68650 | 78091 |
| 4275 | 13203 | 20505 | 30007 | 37304 | 45425 | 52928 | 61878 | 68996 | 78234 |
| 4419 | 13313 | 20577 | 30171 | 37577 | 45467 | 52929 | 61940 | 69095 | 78337 |
| 4516 | 13480 | 20678 | 30184 | 37701 | 45705 | 52960 | 62070 | 69182 | 78423 |
| 4975 | 13587 | 20711 | 30311 | 37731 | 45846 | 53234 | 62090 | 69204 | 78459 |
| 5010 | 13623 | 21139 | 30442 | 38133 | 45860 | 53240 | 62156 | 69278 | 78543 |
| 5087 | 13730 | 21520 | 30692 | 38667 | 46211 | 53291 | 62495 | 69499 | 78981 |
| 5164 | 13793 | 21569 | 30727 | 38946 | 46241 | 53693 | 63221 | 69804 | 79270 |
| 5203 | 13825 | 21576 | 31158 | 39008 | 46393 | 54102 | 63521 | 70018 | 79465 |
| 5204 | 13964 | 21841 | 31170 | 39067 | 46541 | 54228 | 63546 | 70105 | 79534 |
| 5474 | 14069 | 22161 | 31234 | 39154 | 46618 | 54420 | 64011 | 70146 | 79651 |
| 5535 | 14290 | 22268 | 31268 | 39385 | 46664 | 54423 | 64246 | 70599 | 79725 |
| 5561 | 14782 | 22271 | 31277 | 39650 | 46804 | 54560 | 64248 | 70909 | 79901 |
| 5713 | 14862 | 22329 | 31344 | 39678 | 46909 | 54844 | 64395 | 71164 | |
| 5857 | 14935 | 22457 | 31571 | 39700 | 47032 | 54932 | 64469 | 71247 | |
| 6036 | 14963 | 22724 | 31677 | 39746 | 47038 | 54986 | 64644 | 71299 | |
| 6090 | 15003 | 23051 | 31766 | 40214 | 47136 | 55063 | 64842 | 71525 | |